

Setningarugl?

Tengdar nafnháttarsetningar með frumlagi

1. Inngangur

1.1 Viðfangsefnið

Í íslensku nútímamáli er stundum val milli tveggja setningagerða í aukasetningum til að orða sömu merkingu; annars vegar setninga tengdra með *að* og sögn í persónuhætti, eins og (1a), og hins vegar ótengdra setninga með nafnháttarsögn, eins og (1b):¹

- (1) a. Mér fannst [að ég væri ríkur].
b. Mér fannst [ég vera ríkur].

Í nútímamáli er seinni setningagerðin margfalt algengari en sú fyrri, og þótt einhver blæ- eða stílmunur kunnist að vera á setningunum tveimur er merking þeirra sú sama, ef miðað er við sannleiksgildi (þ.e. ef (1a) er sönn er (1b) líka sönn, og öfugt).

En svo er — eða var — til þriðja gerðin: „Stundum er blandað saman aðsetningu og nefnifalli með nafnhætti, einkum á eftir sögnunum *þykja*, *finnast*, *lítast*, *sýnast*, *virðast*“, segir Jakob Jóh. Smári (1920:275). Útkoman verður þá setningar á við (2):

- (2) Mér fannst [**að ég vera** ríkur].

Þetta er mjög sjaldgæft í nútímamáli og verkar yfirleitt á málnotendur sem einhvers konar óregla eða villa — og er það kannski oftast. Það var a.m.k. skoðun Björns Guðfinnssonar (1940:76) sem tekur setninguna í (3) upp úr þýddri sögu og flokkar hana undir „setningarugl“ sem hann skilgreinir þó ekki nánar (leturbreytingar Björns):

- (3) Mjer fanst ávalt *að* hún *vera* í nánd við mig.

Ég býst við að flestir nútíma málnotendur gætu tekið undir með Birni. En í textum frá seinni hluta nítjándu aldar og fyrri hluta þeirrar tuttugustu er þessi setningagerð, sem hér eftir verður iðulega kölluð **blandaða setningagerðin**, nokkuð algeng — mun algengari en svo að hægt sé að líta fram hjá henni og afgreiða sem mistök eða villu. En hvað er hún þá?

Í þessari grein verður litið á umfang, upptök, einkenni, hnignun og eðli blönduðu setningagerðarinnar, eftir því sem ráða má af tiltækum textum — einkum frá undanförunum 200 árum en einnig eldri.

¹ Þetta efni hefur verið kynnt í erindi á málþinginu „Orð að sönnu“, sem haldið var til heiðurs Jóni G. Friðjónssyni sjötugum 8. nóvember 2014. Ég þakka þeim sem þar komu með athugasemdir og ábendingar, en einkum Höskuldur Þráinssyni ritstjóra og tveim nafnlausum ritrýnum *Íslensks mál* fyrir fjölda gagnlegra athugasemda. Greinin á uppruna í rannsóknarverkefninu „Málbreytingar og tilbrigði í íslensku máli á 19. öld: tilurð opinbers málstaðals“ sem Ásta Svavarsdóttir stýrir, en tengist einnig rannsóknarverkefninu „Mál, málbreytingar og menningarleg sjálfsmynd“ sem Höskuldur Þráinsson stýrir. Ég þakka forsvarsmönnum þessara verkefna fyrir aðgang að margvíslegum gögnum, og þakka einnig Rannsóknasjóði sem styrkir bæði verkefni.

1.2 Efniviður

Eftirtalin rafræn söfn sem öll eru opin á netinu hafa einkum verið nýtt til dæmaleitar:

- (4) a. Íslensk sendibréf frá 19. öld (<http://brefasafn.arnastofnun.is/>)
- b. Tímarit.is (<http://timarit.is/>)
- c. Íslenskt textasafn (<http://corpus.arnastofnun.is/>)
- d. Bækur.is (<http://baekur.is/>)
- e. Ritmálssafn Orðabókar Háskólans (<http://www.arnastofnun.is/page/ritmals-safn>)
- f. Sögulegi íslenski trjábankinn, IcePaHC (http://linguist.is/icelandic_treebank)
- g. Mörkuð íslensk málheild (<http://mim.arnastofnun.is>)
- h. Ordbog over det norrøne prosasprog (<http://onp.ku.dk/>)
- i. Netútgáfan (<http://www.snerpa.is/net/>)

Einnig var leitað rafrænt í vesturfarabréfum (Böðvar Guðmundsson 2001, 2002), bókum úr ritróðinni *Sýnisbók íslenskrar alþýðumennningar* (Bragi Þorgrímur Ólafsson 2004, Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon 2001, Sigrún Sigurðardóttir 1999),² og uppskriftum fjölmargra viðtala við Vestur-Íslendinga.³ Auk þess hefur verið leitað í ýmsum öðrum sérstaklega völdum heimildum, bæði rafrænum og prentuðum.

1.3 Efnisskipan

Greinin skiptist í tvo hluta. Sá fyrri er einkum málfélagslegur; í honum er gerð grein fyrir upphafi, útbreiðslu, tíðni og hnignun blönduðu setningagerðarinnar. Seinni hlutinn er einkum setningafræðilegur; í honum er lýst tilurð, eðli og formgerð blönduðu setningagerðarinnar. Nánar til tekið er efnisskipan greinarinnar sem hér segir:

Í 2. kafla er rakin uppkoma dæma um blönduðu setningagerðina í (2) snemma á 19. öld. Síðan er bent á aðra setningagerð sem í fljótu bragði virðist óskyld en allt bendir þó til að sé af sömu rót og blandaða setningagerðin; það eru tengdar frumlagslausar nafnháttarsetningar með *sýnast* og *virðast*, setningar eins og (5):⁴

(5) Hún sýnist/virðist **að vera** komin

² Auk tveggja útgefinna binda vesturfarabréfa var einnig leitað í útgefnu þriðja bindi, en bréfitrarar eru allir fæddir á Íslandi á 19. öld. Aðgangur að þessum textum fékkst hjá rannsóknarverkefninu „Mál, málbreytingar og menningarleg sjálfsmynd“, en útgefandinn, Böðvar Guðmundsson, lét verkefninu þá í té. Aðgangur að textum í ritróðinni *Sýnisbók íslenskrar alþýðumennningar* fékkst hjá rannsóknarverkefninu „Málbreytingar og tilbrigði í íslensku máli á 19. öld: tilurð opinbers málstaðals“, en Sigurður Gylfi Magnússon ritstjóri ritraðarinnar lét verkefninu þá í té.

³ Viðtöl við Vestur-Íslendinga eru úr þremur söfnum. Í fyrsta lagi eru fjölmörg viðtöl við Vestur-Íslendinga fædda kringum aldamótin 1900, ýmist á Íslandi eða vestanhafs, sem Hallfreður Örn Eiríksson og Olga María Franzdóttir tóku í Íslendingabyggðum í Kanada haustið 1972. Í öðru lagi eru viðtöl sem Gísli Sigurðsson tók á sömu slóðum vorið 1982. Viðtölin úr þessum tveimur söfnum hafa öll verið skrifuð upp. Í þriðja lagi er svo fjöldi viðtala við Vestur-Íslendinga í Kanada og Bandaríkjunum sem tekin hafa verið upp í rannsóknarverkefninu „Mál, málbreytingar og menningarleg sjálfsmynd“ sem Höskuldur Þráinsson stjórnar. Þessi viðtöl voru tekin upp á árunum 2013 og 2014, en hafa ekki öll verið skráð þegar þetta er ritað. Aðgangur að öllum söfnum fékkst hjá verkefninu „Mál, málbreytingar og menningarleg sjálfsmynd“, sem fékk fyrrnefndu söfnin tvö hjá Arnastofnun.

⁴ Hér er til einföldunar talað um allar nafnháttarsetningar sem hefjast á *að* sem **tengdar setningar**. Þegar um frumlagslausar setningar er að ræða má vissulega oft halda því fram að *að* sé fremur nafnháttarmerki en aukatenging en sá greinarmunur skiptir ekki máli að svo stöddu; sjá þó 3.5.

Þá er því lýst hvernig blandaða setningagerðin blómstrar kringum aldamótin 1900 en hnignar síðan smátt og smátt, einkum um og eftir miðja 20. öld, og er nú nær eða alveg horfin með tilfinninga- og skynjunarsögnum ef marka má íslensk blöð og tímarit. Hins vegar lifði hún góðu lífi í Vesturheimi alla öldina og jafnvel enn, samkvæmt bréfum Vestur-Íslendinga og viðtölum við þá. Einnig er fjallað um landfræðilega dreifingu blönduðu setningagerðarinnar. Þar kemur fram að vísbendingar eru um að hún hafi verið meira áberandi á norðaustanverðu landinu en annars staðar, og tíðni hennar í vesturíslensku blöðunum var allt frá 1890 margfalt meiri en í blöðum gefnum út á Íslandi. Síðan er dregið á hugsanlegar ástæður fyrir hnignun og hvarfi blönduðu setningagerðarinnar á Íslandi og helst talið að lág tíðni, samkeppni við aðrar setningagerðir, mörkun og neikvætt viðhorf komi þar til, en í vesturíslensku gætu ensk áhrif hafa stuðlað að varðveislu setningagerðarinnar. Í lok kaflans er bent á að hliðstæð blöndun setningagerða kemur einnig fyrir með samanburðartengingum.

Í 3. kafla er gefið stutt yfirlit um tvær tegundir nafnháttarsambanda sem koma við sögu í greininni, lyftingarnafnhætti eins og (6a) og stýrinafnhætti eins og (6b):

- (6) a. Hún virðist [vera heima]
- b. Hún hugðist [vera heim]

Síðan er fjallað um tilurð blönduðu setningagerðarinnar og hún rakin til endurtúlkunar sagnanna *sýnast* og *virðast* sem frumlagslyftingarsagna (eins og þær eru nú) í stað stýrisagna (eins og *hyggjast*). Þessi endurtúlkun virðist verða seint á 18. öld þótt upphaf hennar megi rekja talsvert lengra aftur. Einnig er gerð grein fyrir því með hvaða sögnum og sagnaflokkum þessi setningagerð komi fyrir. Í lok kaflans eru svo vangaveltur um formgerð blönduðu setningagerðarinnar. Fram kemur að neitun stendur þar venjulega á undan sögn og líklegt er að formgerðin hafi verið einhvers konar millistig milli tengdra persónuháttarsetninga og ótengdra nafnháttarsetninga.

Í 4. kafla eru niðurstöður svo dregnar saman.

2. Upphaf, blómatími og hnignunarskeið blönduðu setningagerðarinnar

2.1 Upphaf blönduðu setningagerðarinnar

Þegar í fornmáli má finna dæmi um að *sýnast* og *virðast* taki bæði tengdar persónuháttarsetningar eins og (7a)/(8a) og ótengdar nafnháttarsetningar eins og (7b)/(8b), þar sem merkingin er hliðstæð í báðum setningagerðum, sbr. (1) hér að framan:⁵

- (7) a. Sýnist mér að eg sé eigi meir vanvirður í þessu máli en Hallvarður.
Ögmundar þáttur dytts, *Íslendinga sögur* (1985:1986:2338)
- b. Þorsteini sýndist maðurinn vera hinn fríðasti.
Vatnsdæla saga, *Íslendinga sögur* (1985:1986:1844)

- (8) a. að svo litlum sökum sem mönnum virtist að Þorgils hefði til gert við biskup.
Þorgils saga skarða, *Sturlunga saga* (1988:719)
- b. eg vildi gjarna að þú hefðir góða kosti en mér virðist hann vera vel til þín.
Harðar saga og Hólmverja, *Íslendinga sögur* (1985–1986:1256)

⁵ Engin dæmi eru um slíkar tvímyndir með *finnast*, enda er sú sögn notuð öðruvísi í fornmáli en í nútímamáli. Engin dæmi eru heldur um tvímyndir með *þykja*, enda tekur hún tæpast að-setningar.

Hins vegar eru engin dæmi í fornu máli um blönduðu setningagerðina. Það er ekki fyrir en snemma á 19. öld sem fara að sjást setningar með tilfinninga- og skynjunarsögnum þar sem aukasetningin er tengd með *að* þrátt fyrir að sögn hennar standi í nafnhætti, eins og í (2) og (3) hér að framan. Elstu dæmin sem ég hef fundið um þetta eru frá 1829, með *þykja* og *finnast* (í (10) er raunar leppur í frumlagssetinu en það kemur út á eitt):

(9) og þókti hönnum **ad eg vera** knár og lagligur á verkum á þeim aldri.
Ármann á Alþingi (1829:15)

(10) Að sönnu finnst mér stundum **að það vera** farinn að lifna í mér ofurlítil Musa.
Brynjólfur Pétursson (1964:7) *Bréf* (bréfitari úr Skagafirði, f. 1810)

Þegar leitað er að dæmum um blönduðu setningagerðina skjóta brátt upp kollinum dæmi sem í fljótu bragði virðast annars eðlis en taka þó til sömu sagna að hluta til — sagnanna *sýnast* og *virðast*. Það eru tengdar frumlagslausar nafnháttarsetningar, eins og (11)–(15). Sú setningagerð er væntanlega ótæk að flestra mati í nútímamáli, en allt frá upphafi 19. aldar og nokkuð fram á 20. öld má finna fjölda dæma um hana í bréfum, blöðum, tímaritum og bókum, rétt eins og um blönduðu setningagerðina. Reyndar koma áþekkt dæmi fyrir þegar í fornu máli og verður komið að þeim í 3.2, en úr blöðum og tímaritum frá fyrstu áratugum 19. aldar má nefna þessi dæmi:

(11) Þessi fridur **sýnist** einasta **ad vera** gjörður til málamindar.
Minnisverð tíðindi (1803:67)

(12) svo sérlegar tídarinnar kríngumstædur **sýnast ad hafa** giört slík óhöpp óumflýanleg meðal flestra þjóða.
Íslensk sagnablöð (1816:33)

(13) Þar nú þvílíkt **vyrdist ad vitna** um ad hún vitskérðt eda fálkud væri ad minnsta kosti með koblum.
Klausturpósturinn 1. tbl. (1825:11)

(14) **Virdast** þeir **ad sanna**, ad kál hafi verid brúkad og til matar haft í fyrndinni.
Ármann á Alþingi (1831:22)

Eitt dæmi af þessu tagi frá svipuðum tíma er að finna í safni 19. aldar bréfa, (4a):

(15) i giær friettist ad madur hafdi farist firir snioflodi i Fagradal og **sinist ad vera** miög slisa hætt það af er vetrinum.
Norður-Múlasýslu, 1824 (bréfitari úr Gullbringusýslu, f. 1786)⁶

Vegna þess að þessi dæmi verða áberandi á svipuðum tíma og blandaða setningagerðin, og um sömu sagnir er að ræða að hluta til í báðum setningagerðum, er freistandi að álykta að þarna sé einhver skyldleiki á milli. Hér verður því slegið föstu að þetta sé í raun og veru ein og sama setningagerðin, en rökstuðning fyrir því er að finna í 3.2.

⁶ Öll bréf sem hér er vitnað í er að finna í safni 19. aldar bréfa (4a) nema annars sé getið. Ritunarstaður og ár er tilgreint, svo og fæðingarstaður og fæðingarár bréfitara.

Setningarnar í (9)–(10) eru einu dæmin um tengdar nafnháttarsetningar með frumlagi sem ég hef fundið frá fyrri hluta 19. aldar. Heimildir um það tímabil eru vissulega af skornum skammti. Þótt bréf frá þessum tíma í bréfasafninu (4a) séu nokkuð á annað hundrað gefa þau takmarkaða hugmynd um almennt málfar vegna þess hve bréfitarar eru fáir og landfræðileg dreifing ójöfn. Blaða- og tímaritaútgáfa var lítil fram um miðja öldina og því ekki mikill leitarbær efniviður á Tímarit.is.⁷

Það er ekki fyrr en um og upp úr miðri 19. öld sem fleiri dæmi fara að skjóta upp kollinum. Eitt þeirra er í fyrstu íslensku skáldsögunni sem var prentuð:

- (16) Sá var annar draumur hennar, að henni þótti **að Björg systir sín koma** til sín.
Jón Thoroddsen (1850:122) *Piltur og stúlka*

En annars eru dæmin sárafá fram um 1870. Eftir það fjölgar dæmum um blönduðu setningagerðina í bréfum, blöðum, tímaritum og bókum hægt en örugglega fram um 1890, þegar sprenging verður í notkun hennar.

2.2 Dæmum fjölgar

Í bréfum frá síðari helmingi 19. aldar hef ég fundið á sjöunda tug dæma um blönduðu setningagerðina. Nokkur þeirra fara hér á eftir:

- (17) á hinn bóginn fannst mér ekki **að jeg geta** verið heimtu frek við manninn, minn
Árnassýslu, 1872 (bréfitari úr Suður-Múlasýslu, f. 1846)
- (18) sofnaði Sigríður og dreimdi **að þú koma** til sín.
Vesturheimi, 1878 (bréfitari úr Austur-Skaftafellssýslu, f. 1845)
- (19) nú síndist mér **að þettað vera** náttúrulegt
Reykjavík, 1884 (bréfitari f. í Eyjafirði 1856); Sigrún Sigurðardóttir (1999:221)
- (20) Ögn síndist mér og heyrðist **að biskupinn vera** orðinn fyrir gengilegur.
Reykjavík, 1886 (bréfitari úr Suður-Múlasýslu, f. 1863)
- (21) Þjer mun nú þikja **að jeg telja** upp fáa kosti sem Nýja Island hefur
Vesturheimi, 1894 (bréfitari úr Skagafirði, f. 1862)

Blandaða setningagerðin kemur einnig fyrir í *Íslenskum þjóðsögum og æfintýrum* Jóns Árnasonar (1862), svo og mörgum skáldverkum sem gefin voru út á seinni hluta 19. aldar og fyrstu áratugum 20. aldar, eftir höfunda eins og Jón Mýrdal, Torfhildi Þorsteinsdóttur Hólm, Þorgils gjallanda, Jón Trausta, Einar H. Kvaran, Huldu, o.fl. Fáein dæmi eru sýnd hér (sjá einnig Jakob Jóh. Smára 1920:275):

- (22) Mér þótti [...] **að þú vera** hálf orðvond.
Jón Mýrdal (1872:14): *Mannamunur*

⁷ Þar að auki er ljóslestur svo gamals prents erfiður og villur því margar í leitartextanum. Þess ber þó að geta að í rannsóknarverkefni „Málbreytingar og tilbrigði í íslensku máli á 19. öld: tilurð opinbers málstaðals“ hefur talsvert verið slegið inn af efni og ljóslestur leiðréttur úr elstu íslensku tímaritunum, frá fyrstu fjórum áratugum 19. aldar, og leit í þeim textum skilaði nokkrum af dæmunum hér að framan.

- (23) Þykir yður ekki, **að Ragnheiður hafa** stækkað, síðar þér voruð hér síðast?
Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm (1882:179): *Brynjólfrur biskup Sveinsson*
- (24) óefað virtist henni, **að hann bera** snoturleik og gleðibragð af öllum öðrum karlmönnum þar í nágrenninu.
Þorgils gjallandi (1978:163): *Upp við fossa*, 1902
- (25) Þó fanst honum jafnframt, **að það vera** sér afsökun.
Jón Trausti (1949:160): *Leysing*, 1907
- (26) fanst honum, **að hann hafa** þumlungast ofurlítið áfram.
Einar H. Kvaran (1916:143): *Sálin vaknar*


En langflest eru þó dæmin úr blöðum og tímaritum — dæmin þar skipta örugglega þúsundum. Leit á Tímarit.is bendir til að notkun blönduðu setningagerðarinnar hafi náð hámarki á síðasta áratug 19. aldar og farið minnkandi þegar kom nokkuð fram á 20. öldina.⁸ Til að reyna að fá yfirlit um tíðnina hef ég skoðað öll dæmi um *að* + persónufornafn (í nefnifalli) + *vera* — þau eru um hálf túsunda hundruð.⁹ Fáein dæmi eru sýnd hér:

- (27) og hefur þeim fundizt, eins og mjer, **að hún vera** þýðingarlaus.
Ísafold 18. júní 1892, bls. 195
- (28) Honum virtist nú **að það vera** heilmikið af góðsemi meðfram vonzkunni í veröldinni.
Lögberg 7. júlí 1898, bls. 3
- (29) Mér finnst **að eg vera** flón.
Freyja 1902, bls. 247
- (30) Mér hefur sýnst í langan tíma **að þér vera** sama um mig.
Dvöl 2. tölublað 1903, bls. 8
- (31) Honum hefir skilist, **að hann vera** einn í hópi þeirra.
Heimskringla 3. janúar 1918, bls. 2

⁸ Rétt er að benda á að „venjulegu“ setningagerðirnar, þ.e. *að*-setningar í persónuhætti annars vegar og ótengdar nafnháttarsetningar hins vegar, eins og (1), eru líka sjaldgæfar framan af 19. öldinni. Einkum á það þó við um tengdu persónuháttarsetningarnar eins og (1a) sem sárafá dæmi finnast um fyrr en eftir 1870. Á áratugunum kringum aldamótin (1890–1909) eru dæmin um þá setningagerð ekki óskaplega miklu fleiri en um blönduðu setningagerðina. En um miðja öldina dregur mjög í sundur; fjöldi bæði tengdra persónuháttarsetninga og nafnháttarsetninga margfaldast á fjórða og fimmta áratugnum, á sama tíma og dæmum um blönduðu setningagerðina fækkar.

⁹ Þetta er augljóslega ekki nema brot af dæmum um setningagerðina, en útilokað væri að leita að öllum hugsanlegum frumlögum og sögnum. Persónufornöfn eru hins vegar algeng frumlög og auk þess lokaður hópur þannig að gerlegt er að leita að þeim. Auk þess að vera algengasta sögn málsins hefur sögnin *vera* þann kost að nafnhátturinn er gerólikur flestum öðrum myndum hennar (nema helst viðtengingarhætti þátíðar, *væri/væru*). Líkur á að myndin *vera* sé tilkomin vegna rit- eða prentvillu eru því minni en í flestum öðrum sögnum. Skipuleg leit var einungis gerð að persónufornöfnum í nefnifalli, en þar sem nefnifalls- og þolfallsmyndir falla saman koma þolfallsdæmi vitaskuld með, þ.e. í *hann*, *það*, *þær* og *þau*. En einnig var leitað að nokkrum öðrum þolfallsmyndum, svo og þágufallsmyndum, og niðurstöður úr þeim leitum rímuðu vel við *Mynd 1* þótt þær séu ekki teknar þar með.

Mynd 1 sýnir hlutfallslega tíðni dæma um *að* + persónufornafn + *vera* á Tímarit.is, allt frá sjöunda áratug 19. aldar þegar dæmi fara fyrst að sjást og fram á áttunda áratug 20. aldar þegar dæmi eru nær horfin.¹⁰ Ef dreifingin væri jöfn yfir allan tímann, miðað við heildartextamagn á hverjum tíma, næmu allar súlurnar við 100% línuna.



Mynd 1: Hlutfallsleg tíðni að + persónufornafn + vera á Tímarit.is 1860–1979

Á *Mynd 1* sést að fram á níunda áratug 19. aldar er blandaða setningagerðin nauðasjaldgæf í blöðum og tímaritum — samtals aðeins fimm dæmi um samböndin *að* + persónufornafn + *vera* fyrir 1890.¹¹ En þá verður ótrúleg sprenging í notkun setningagerðarinnar — dæmin um þessi sambönd áratuginn 1890–1899 eru 58, átta sinnum fleiri en búast mætti við ef dæmin dreifðust jafnt yfir tímabilið 1840–2009 (þ.e. væru sama hlutfall af heildartextamagni).

2.3 Blandaða setningagerðin á 20. öld

Fyrstu þrjú áratugi 20. aldar virðist blandaða setningagerðin halda sjó ef marka má dæmahlutfallið á Tímarit.is — dæmin fjórum til fimm sinnum fleiri en ef dreifingin væri jöfn allt frá 1840. Á fjórða áratugnum lækkar hlutfallið talsvert og dæmin verða rúmlega þrisvar sinnum fleiri en í jafnri dreifingu. Á fimmta áratugnum eru þau rúmlega tvöfalt fleiri en í jafnri dreifingu, og á sjötta áratugnum eru dæmin orðin heldur færri en búast mætti við ef dreifingin væri jöfn. Eftir það fer þeim svo enn fækkandi, og í lok áttunda áratugar 20. aldar er notkun setningagerðarinnar með tilfinninga- og skynjunarsögnum nær alveg horfin.¹²

¹⁰ Ekki liggja fyrir upplýsingar um textamagn (orðafjölda) frá hverju ári eða áratug á Tímarit.is. Því er hér farin sú leið að skoða samanlagða tíðni 25 algengustu orðanna (miðað við *Íslenska orðtíðnibók*, Jörgen Pind o.fl. 1991) á hverjum áratug og reikna breytingar á tíðni blönduðu setningagerðarinnar út frá því.

¹¹ Í því ljósi kann að koma á óvart að súlurnar fyrir þrjú fyrstu áratuginna ná yfir 50%, en þar verður að líta til þess að heildartextamagnið frá þessum áratugum er mjög lítið og viðbúinn fjöldi dæma miðað við jafna hlutfallsdreifingu því mjög lágur.

¹² Það er reyndar ekki alveg nákvæmt; það finnast allnokkur dæmi frá síðustu áratugum, en flest þeirra eru augljósar villur, t.d. víxl orða eins og í (i) (leturbreyting mín) eða brottfall stafa eins og í (ii) (innskot mitt):

(i) þá hlýtur **að það** vera til þess að bjarga stjórninni fremur en hitt.
Fréttablaðið 1. október 2009, bls. 10

(ii) Þetta var ekki dagur Keflvíkinga og ljóst að þeir ver[ð]a að taka sig á.
Morgunblaðið 14. apríl 1999, bls. C2

Fáir aðrir rafrænir textar frá síðustu 100 árum en blöð og tímarit eru aðgengi-
legir til leitar. Ef blandaða setningagerðin var talin rangt mál þegar kom fram á 20.
öldina, eins og tilvitnuð orð Björns Guðfinnssonar (1940:76) hér að framan benda til,
má líka búast við því að hennar gæti lítið í útgefnum og prófarkalesnum bókum. Það
er því athyglisvert að einu 20. aldar dæmin sem ég hef fundið í Ritmálssafni Orða-
bókarinnar (4e) eru öll úr sömu bókinni, þ. á m. þetta:

- (32) Það er dálítill hiti kominn í talið og Sigurði finnst, **að hann fara** heldur halloka
Steinþór Þórðarson (1970:28): *Nú — nú, bókin sem aldrei var skrifuð*

Það er sérstakt við þessa bók að Stefán Jónsson skráði hana beint eftir frásögn Stein-
þórs Þórðarsonar á Hala, sem var fæddur 1892, og sýnir hún því óbreytt talmál.

Þótt gagnasöfn um óformlegt íslenskt mál séu af skornum skammti eru til
mikilsverðar heimildir um hversdagsmál Vestur-Íslendinga á 20. öld, bæði bréfasöfn
og viðtöl; sjá 2. og 3. nmgr. Í þessum heimildum kemur blandaða setningagerðin tals-
vert oft fyrir. Ég hef fundið 15 dæmi frá 20. öld í vesturfarabréfunum, það yngsta frá
1939, en yngstu bréfin í safninu eru frá fimmta áratugnum. Í viðtölum frá 1972 hef ég
fundið hátt á annan tug dæma frá 13 viðmælendum af rúmlega 130, en rétt er að hafa í
huga að viðtölin eru mjög mislöng. Eitt dæmi fannst í viðtali frá 1982 og eitt í nýju
viðtali:

- (33) okkur fannst ekki **að hann vita** mjög mikið
1972 (málhafi f. í Kanada 1893, foreldrar úr Húnavatnssýslu)
- (34) Að mér fannst **að Gunna systir mín koma** til mín.
1972 (málhafi f. í Kanada 1898, foreldrar úr Borgarfirði og Eyjafirði)
- (35) Þá kalla ég á fósturforeldra mína, sem mér fannst **að vera að** standa í eldhúsinu.
1972 (málhafi f. í Kanada 1902, foreldrar úr Austur-Skaftafellssýslu)
- (36) Og ég var þar bara hálfan annan mánuð því að bróður mínum fannst **að hann
vinna** mér of hart.
1982 (málhafi f. á Akranesi 1898, foreldrar úr Borgarfirði)
- (37) og mér sýnist **að strákurinn vera** þreyttur
2013 (málhafi f. í Kanada 1936, báðir foreldrar alíslenskir)

Þessi dæmi sýna glögg að blandaða setningagerðin hefur lifað góðu lifi í vestur-
íslensku a.m.k. fram á síðasta fjórðung 20. aldar, og er með einhverju lífsmarki enn.

Að lokum má nefna að engin dæmi um blönduðu setningagerðina finnast í 21.
aldar textum í Markaðri íslenskri málheild (4g), og einu dæmin sem Google finnur á
vefnum eru annaðhvort úr gömlum textum eða augljósar villur.¹³

En vissulega getur verið snúið að ákvarða hvaða dæmi séu villur – í þeim skilningi að annað standi í
textanum en höfundur hans hafði hugsað sér.

¹³ Þar við bætast örfá dæmi um tengdar nafnháttarsetningar með frumlagi á eftir álits- og yfirlýsinga-
sögnum eins og *segja* og *telja*, en eins og vikið er að í 3.4 örlar þar e.t.v. á setningafræðilegri breytingu.

2.4 Landfræðileg dreifing

Forvitnilegt væri að kanna landfræðilegan uppruna og dreifingu blönduðu setningagerðarinnar, en vegna þess hve 19. aldar dæmi um hana eru fá er erfitt að slá nokkru föstu þar um. Dæmin í bréfasafninu eru frá bréfríturum víða að; vissulega er stór hluti þeirra úr Þingeyjar- og Múlasýslum, en hafa verður í huga að hlutfall bréfrítara úr þessum sýslum er hátt í safninu. Þarna eru einnig dæmi frá bréfríturum úr a.m.k. átta öðrum sýslum víða um land, en oft aðeins frá einum bréfrítara úr hverri sýslu þannig að af þeim bréfum verða ekki dregnar miklar ályktanir.

Það er hins vegar athyglisvert að hátt í helmingur dæmanna er úr bréfum skrifuðum í Vesturheimi, en þess ber að geta að hlutfall þeirra bréfa í safninu er nokkuð hátt. Til dæmis eru öll dæmi frá bréfríturum upprunnum í Austur-Skaftafellssýslu, Árnessýslu og Dalasýslu skrifuð vestanhafs.

Það er ekki síður erfitt að staðsetja dæmi úr blöðum og tímaritum. Höfunda efnis er þar sjaldnast getið og ekki alltaf hlaupið að því að finna uppruna þeirra þótt svo væri. Þó vekur athygli að áratugina kringum aldamótin er umtalsverðan hluta dæma úr blöðum útgefnum á Íslandi að finna í *Draupni* og einkum *Dvöl* sem Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm skáldkona gaf út eftir Vesturheimsdvöl sína — og skrifaði trúlega að talsverðu leyti.

Ekki er heldur hægt að draga miklar ályktanir af fáum dæmum úr skáldverkum. Þó er rétt að benda á að flestir þeirra höfunda sem nota blönduðu setningagerðina í verkum sínum eru upprunnir á norðaustanverðu landinu (Þorgils gjallandi, Jón Trausti, Hulda) eða hafa dvalist langdvölum í Vesturheimi (Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm, Einar H. Kvaran).

Vesturheimsdvöl rithöfunda er ekki nefnd hér að ástæðulausu. Það virðist nefnilega ljóst að blandaða setningagerðin hefur staðið miklu styrkari fótum í máli Vestur-Íslendinga en á Íslandi. Þannig eru rúmlega þrjú fjórðu þeirra dæma sem ég fann í blöðum og tímaritum frá áratugnum 1890–1899 úr vesturíslenskum blöðum þannig að sú sprenging í tíðni setningagerðarinnar sem nefnd er í 2.2 kemur fyrst og fremst fram í Vesturheimi. Helstu blöð Vestur-Íslendinga hefja göngu sína um þetta leyti — *Heimskringla* 1886, *Lögberg* 1888 — og þar með fær setningagerðin að blómstra á prenti.

Fyrsta áratug 20 aldar (1900–1909) er hlutfall vesturíslensku blaðanna í dæmasafninu tæpur helmingur, en helst síðan kringum þriðjung allt fram til 1960. Þá verður að hafa í huga að hlutfall Vesturheimsblaða af blöðum og tímaritum á íslensku var nokkuð hátt um aldamótin 1900, en fór síðan smátt og smátt lækkandi.¹⁴ Þriðjungur dæma um miðja 20. öld sýnir því miklu meiri mun vesturíslensku og íslensku á Íslandi en þriðjungur dæma snemma á öldinni.

Þetta rímar vel við þær vísbendingar sem vesturfarabréf og viðtöl gefa og raktar voru hér að framan. Mikill munur virðist því vera á tíðni blönduðu setningagerðarinnar í vesturíslensku og íslensku á Íslandi alla tíð, hvernig sem á að skýra það. Vitað er að meginhluti vesturfara kom úr Þingeyjar- og Múlasýslum, eins og stór hluti dæmanna í bréfasafninu. Hugsanlegt er að blandaða setningagerðin hafi verið útbreiddari í þeim landshluta en annars staðar á landinu, eins og verk rithöfunda frá þessu landsvæði gætu bent til, og sterk staða hennar vestanhafs allt frá upphafi skýrist af því.

¹⁴ Lausleg athugun bendir til að efni þeirra gæti verið milli 15 og 20% heildartextans á síðasta áratug 19. aldar en sennilega ekki orðið nema 2–3% á sjötta áratugnum Þetta er reiknað út frá fjölda dæma um *og* og *að* úr Vesturheimsböðunum sem hlutfalli af heildarfjölda dæma um þessi orð. Það er mjög grófur mælikvarði en nógu nákvæmur hér.

Hæpið er að neikvætt viðhorf til blönduðu setningagerðarinnar sem virðist hafa ríkt á Íslandi þegar kom fram á 20. öld eins og nefnt er hér að framan, sjá einnig 2.5, hafi náð til Vesturheims. Hins vegar er ekki hægt að útiloka að áhrif frá ensku hafi skipt máli. Þótt setningagerðin eigi sér ekki beina hliðstæðu í ensku er rétt að hafa í huga að ensku sagnirnar *seem* og *appear*, sem samsvara að talsverðu leyti *sýnast* og *virðast*, taka með sér nafnhátt með *to*:

- (38) a. She seems/appears to be rich. ‘Hún sýnist/virðist að vera rík.’
 b. *She seems/appears be rich. ‘Hún sýnist/virðist vera rík.’
 c. She seems/appears rich. ‘Hún sýnist/virðist rík.’

Það er rétt að leggja áherslu á að engar líkur eru á að blandaða setningagerðin sé komin úr ensku – hún er farin að tíðkast í íslensku löngu fyrir tíma vesturferða og enginn vafi á að vesturfara tóku hana með sér. Á hinn bóginn er ekki ótrúlegt að tenging við *seem* og *appear* hafi orðið til þess að styrkja hana í sessi vestanhafs.

2.5 Hnignun og dauði blönduðu setningagerðarinnar

Munur á vesturíslensku og íslensku á Íslandi og tilkoma *Heimskringlu* og *Lögbergs* dugir samt ekki til að skýra hinn snögga uppgang blönduðu setningagerðarinnar um 1890. Íslensk blöð höfðu verið gefin út vestanhafs áður (að vísu er aðeins *Leifur á Tímarit.is*) og þótt meginhluti dæma frá síðasta áratug nítjándu aldar sé úr vesturíslenskum blöðum fjölgar dæmum í blöðum gefnum út á Íslandi líka nær fimmfalt á þessum áratug frá næsta áratug á undan. Heildartextamagnið á *Tímarit.is* áratuginn 1890–1899 er ekki nema u.þ.b. tvöfalt meira en áratuginn á undan þannig að það skýrir ekki þennan mun.¹⁵

Það verður því ekki betur séð en þarna hafi verið einhver undirliggjandi spenna í málinu sem brjótist fram af talsverðum krafti um 1890, einkum vestan hafs en einnig austan. Af hverju sú spenna stafaði, og hvers vegna hún fékk svo snögga útrás, er útilokað að segja; a.m.k. hefur mér ekki tekist að koma auga á nokkra skýringu.

Ekki er heldur hlaupið að því að skýra hvers vegna þessari setningagerð hnignar smám saman eftir þennan skyndilega uppgang, og hverfur svo nánast eftir miðja 20. öld. Þó er rétt að hafa í huga að blandaða setningagerðin var aldrei algeng og átti alltaf í samkeppni við tvær aðrar algengari setningagerðir, tengdar persónuháttarsetningar og ótengdar nafnháttarsetningar, sem gegndu sama hlutverki.

Þar að auki má halda því fram að tengdar nafnháttarsetningar með frumlagi séu afbrigðilegar; vitaskuld eru nafnháttarsetningar mjög oft tengdar með *að* en þá frumlagslausar, og nafnháttarsetningar hafa oft frumlag (t.d. með *telja* og *segja* og öðrum slíkum sögnum) en eru þá ótengdar. E.t.v. líta svo á að tengdar nafnháttarsetningar með frumlagi krefjist markaðrar setningaformgerðar og eigi því undir högg að sækja; sjá einnig 3.5 hér að aftan.

Eins og nánar er rætt hér á eftir er hugsanlegt að leiðréttingar og neikvætt viðhorf til blönduðu setningagerðarinnar hafi ráðið einhverju um hnignun hennar. Attyglisvert dæmi sem bendir í þá átt er að finna í þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar. Í annarri útgáfu þjóðsagnanna er að finna eftirfarandi dæmi um blönduðu setningagerðina, bæði úr sömu sögunni:

¹⁵ Tölur um heildartextamagn liggja ekki fyrir, en þetta er áætlað út frá samanlagðri tíðni 25 algengustu orða málsins á hverjum áratug.

- (39) a. Sofnar hann nú aftur og þótti honum **að kerling koma** í annað skipti.
b. Sofnar hann nú í þriðja sinn; þótti honum **að hún þá koma** aftur.
Íslenskar þjóðsögur og ævintýri I (1961:232)

En í frumútgáfu þjóðsagnanna eru setningarnar dálítið öðruvísi:

- (40) a. Sofnar hann nú aptur, og þókti honum, að kerling kæmi í annað skipti.
b. Sofnar hann nú í þriðja sinn; þókti honum hún koma þá aptur.
(Íslenskar þjóðsögur og ævintýri I 1862:241)

Það er vitað að Jón Árnason umskrifaði mörg þjóðsagnahandrit sem hann fékk frá öðrum (sjá Árna Böðvarsson og Bjarna Vilhjálmsson 1961:587). Önnur útgáfa var hins vegar prentuð eftir upphaflegu handritunum eftir því sem kostur var. Það virðist ljóst að hér hefur Jón Árnason breytt textanum til að losna við blönduðu setningagerðina. Í annað skiptið setur hann tengda persónuháttarsetningu í staðinn (40a), en í hitt skiptið ótengda nafnháttarsetningu (40b).

Annað athyglisvert dæmi sem bendir eiginlega í þveröfuga átt er að finna í bókinni *Landsins útvöldu synir* þar sem birt eru sýnishorn af íslenskuritgerðum skólapilta í Lærða skólanum á árunum 1846–1904. Árið 1874 hefur eitt ritgerðarefnið verið (Bragi Þorgrímur Ólafsson 2004:263, 265):

- (41) „Hví leitast svo margir við að sýnast það, sem þeir eru eigi?“

Eins og gengur og gerist með slíkar ritgerðir eru sömu efnin lögð fyrir aftur og aftur, en þremur árum seinna, 1877, er efnið orðað svo (2004:267):

- (42) „Hví leitast svo margir við að sýnast að vera það, sem þeir eru eigi?“

Ekki er gott að segja af hverju þessi breyting stafar — hvort þessar tvær setningagerðir hafa verið notaðar jöfnum höndum og tilviljun ráðið hvor var notuð í hvert skipti, hvort annar kennari með aðra málvenju lagði efnið fyrir í seinna skiptið, eða hvort málið — eða málstaðallinn — var að breytast á þessum tíma. A.m.k. bendir þetta ekki til þess að amast hafi verið við setningagerðinni í Lærða skólanum.

Áður var nefnt að blandaða setningagerðin kemur fyrir í skáldverkum margra helstu rithöfunda þjóðarinnar kringum aldamótin 1900 og því ekkert sem bendir til þess að rithöfundar hafi forðast hana sérstaklega eða nokkuð hafi þótt athugasemdir við hana í byrjun 20. aldar. Viðhorfið hefur þó greinilega breyst þegar kom fram á 20. öldina. Þannig segir Jakob Jóh. Smári (1920:275): „Þetta ber að varast.“ Það er líka ljóst af orðum Björns Guðfinnssonar (1940:76) um „setningarugl“ að hann fordæmir þessa setningagerð, og skoðanir hans höfðu mikil áhrif á sínum tíma.

Að öðru leyti veit ég ekki til að málfræðingar hafi fjallað um blönduðu setningagerðina. Hins vegar rakst ég á athugasemd um hana í ritdómi um bók séra Gunnars Benediktssonar, *Í flaumi lífsins fljóta*, frá 1977:

En aðeins á einum stað kann ég ekki við málfarið. Það er þar sem segir: „En mig minnir fastlega, að það ekki vera spenvolga mjólkín úr kúnum, sem við fengum, heldur væri hún flóuð“. Í minni sveit hygg ég að hefði verið sagt: „að það væri ekki“ (Halldór Kristjánsson 1977).

Höfundur ritdómsins var fæddur í Önundarfirði 1910, en séra Gunnar var fæddur 1892 á Mýrum í Austur-Skaftafellssýslu. Þarna er því nokkur aldursmunur á rithöfundum og ritdómara; rithöfundurinn fæddur um í upphafi blómaskeiðs setningagerðarinnar en ritdómari í lok þess. Fjarlægð milli fæðingarstaða þeirra er líka eins mikil og verða má; en hvort sá málframsmunur sem þarna kemur fram tengist tíma eða stað er erfitt að segja. Í þessu sambandi má líka benda á að Jakob. Jóh. Smári og Björn Guðfinnsson voru báðir fæddir og uppaldir í Dalasýslu, og hugsanlega hefur blandaða setningagerðin verið lítt þekkt á Vesturlandi og Vestfjörðum.

Afdrif blönduðu setningagerðarinnar í vesturíslensku eru svo annað mál. Eins og nefnt er í 2.4 er ekki trúlegt að neikvætt álit íslenskra málfræðinga á henni — ef það var almennt — hafi haft áhrif þar, þótt það kunni að hafa skipt máli á Íslandi. Yngsta dæmið úr vesturíslensku sem ég hef fundið á Tímarit.is er frá 1975 en það segir lítið að yngri dæmi skuli ekki finnast, vegna þess hve textamagn *Lögbergs–Heimskringlu* á íslensku er lítið síðustu áratugina.

En miðað við dæmi úr viðtölum frá 1972, 1982 og 2013–2014 er í sjálfu sér ekkert sem bendir til annars en blandaða setningagerðin hafi lifað góðu lífi í Vesturheimi alla 20. öldina — og allt fram á þennan dag, í máli þeirra Vestur-Íslendinga sem enn tala íslensku á annað borð.

2.6 Blandaðar samanburðarsetningar

Hér hefur eingöngu verið fjallað um blönduðu setningagerðina á eftir tengingunni *að*, enda er hún langalgengust þar. En hún á sér þó fleiri birtingarmyndir. „Á eftir *virðast*, *sýnast*, *finnast*, *þykja* o.þvíl. er oft notuð samanburðarsetning (með *sem*, *eins og*) í stað *að*-setningar, og þá í *viðth.*“, eins og Jakob Jóh. Smári bendir á (1920:232). Eftir lýsingu — og fordæmingu — á blönduðu setningagerðinni segir Jakob (1920:275):

Þar eð *að*-setning getur skipzt á við samanburðarsetningu á eftir þessum sögnum [...], kemur það einnig fyrir, að saman er blandað samanburðarsetningu og nefnifalli með nafnhætti.

Hann tekur svo tvö dæmi um þetta, annað úr bók eftir Huldu og hitt frá Einari H. Kvaran. Ég hef einnig fundið dæmi um þessa setningagerð í tveimur bókum Jóns Trausta, en rétt er að minna á að blandaðar *að*-setningar koma einnig fyrir hjá öllum þessum höfundum, sbr. 2.2 hér að framan.

Í bréfasöfnum hef ég fundið örfá dæmi af þessu tagi, það elsta er þetta:

- (43) mjer fannst líka altjend **einsog jeg finna** hann þegar jeg fjeck brjef frá honum
Árnessýslu, 1866 (bréfitari úr Suður-Múlasýslu, f. 1846)

Slæðingur er af dæmum um slíkar setningar í blöðum og tímaritum, en þó sárafá miðað við fjölda blönduðu *að*-setninganna.

- (44) sýndist **eins og þau vera** að bresta í annað sinn.
Lögberg 20. október 1894, bls. 2

- (45) Þeim fanst **sem þau ætla** að fara að drýgja glæp
Þjóðviljinn 12. febrúar 1938, bls. 4

Af orðum Jakobs Jóh. Smára (1920:275) má ráða að hann telji hér um að ræða áhrif frá blönduðu *að*-setningagerðinni, og tengslin milli þessara setningagerða eru augljós.

Blönduðu samanburðarsetningarnar sjást fyrst nokkrum áratugum eftir að blandaðar *að*-setningar koma fram, eins og við er að búast ef um áhrifsbreytingu er að ræða. Tíðni beggja setningagerða eykst snögglega um og upp úr 1890, og í báðum setningagerðum eru flest dæmin frá áratugunum þar á eftir, fram um 1920. Hlutfall dæma úr vesturíslensku blöðunum er líka hátt í báðum gerðum, dæmum um báðar fækkar smátt og smátt þegar líður á 20. öld, og báðar hverfa nær alveg á þriðja fjórðungi aldarinnar.

3. Tilurð, eðli og formgerð blönduðu setningagerðarinnar

3.1 Tvær tegundir nafnháttarsetninga

Í þessum kafla verður fjallað um setningafræðilegt eðli blönduðu setningagerðarinnar. En áður en lengra er haldið er rétt að gera nokkra grein fyrir mismunandi tegundum nafnháttarsetninga sem hér koma mjög við sögu. Ítarlegt yfirlit um nafnháttarsetningar er að finna hjá Höskuldi Þráinssyni (2005:409–433, 2007:410–443) en hér verður aðeins fjallað um tvær tegundir sem máli skipta fyrir viðfangsefni greinarinnar.

Meðal þeirra sagna sem taka með sér blönduðu setningagerðina eru *sýnast* og *virðast*, eins og Jakob Jóh. Smári nefnir (1920:275) og vísað er til hér að framan.¹⁶ En auk þess að taka með sér tengda persónuháttarsetningu eins og (46a) og ótengda nafnháttarsetningu með frumlagi eins og (46b)¹⁷ geta *sýnast* og *virðast* í nútímamáli tekið ótengda frumlagslausa nafnháttarsetningu eins og (46c) — en ekki tengda, eins og (46d):¹⁸

- (46) a. Mér sýnist/virðist [að hún sé rík].
- b. Mér sýnist/virðist [hún vera rík].
- c. Hún sýnist/virðist [vera rík].
- d. *Hún sýnist/virðist [að vera rík].

Þegar þessar sagnir taka með sér frumlagslausa nafnháttarsetningu hafa þær ekkert um merkingu eða fall frumlags síns að segja;¹⁹ það er umsögn nafnháttarsetningarinnar sem þær taka með sér sem ákvarðar hvorttveggja. Þetta sést vel í (47):

- (47) a. Hún virðist vera rík. — Hún er rík.
- b. Hana virðist vanta peninga. — Hana vantar peninga.
- c. Henni virðist vera kalt. — Henni er kalt.
- d. Hennar virðist vera saknað. — Hennar er saknað.

Hér stendur frumlagið aðalsetningarinnar í sjálfgefnu frumlagsfalli, nefnifalli, í (47a). En í (47b) stendur það í þolfalli vegna þess að sögn nafnháttarsetningarinnar, *vanta*, tekur þolfallsfrumlag. Í (47c) er frumlagið í þágufalli vegna þess að umsögnin *vera kalt* í aukasetningunni tekur þágufallsfrumlag; og í (47d) er frumlagið í eignarfalli vegna þess að þolmyndin *vera saknað* tekur eignarfallsfrumlag.

Sagnir sem svona haga sér eru nefndar **lyftingarsagnir** (e. *raising verbs*) og sagðar taka með sér **lyftingarnafnhætti** (e. *raising infinitives*) (sjá t.d. Höskuld

¹⁶ *þykja* er svipaðrar merkingar og getur hagað sér á sama hátt, en tekur þó sjaldan með sér *að*-setningu.

¹⁷ Sú formgerð er stundum nefnd **nefnifall með nafnhætti** (e. *nominative with infinitive*) (sjá Höskuld Þráinsson 2005:428–431; 2007:415). Nefnifallsliðurinn er frumlag aukasetningarinnar og fær merkingarhlutverk sitt frá sögn hennar, en gegnir jafnframt andlagshlutverki í aðalsetningunni.

¹⁸ (6d) er stjórnumerkt vegna þess að slíkar setningar eru ótækar í nútímamáli. Áþekkar setningar voru hins vegar tækar í eldra máli en voru þá annars eðlis, eins og lýst er í 3.3.

¹⁹ Þegar þessar sagnir taka með sér *að*-setningu með frumlagi hafa þær þágufallsfrumlag sem upprunið er í móðursetningunni.

Þráinsson 2005:428–431; 2007:440–443). Með því er átt við það að sagnirnar hafa ekkert röklegt frumlag (þ.e. úthluta engu merkingarhlutverki til frumlagssætisins) og oft er eins og frumlagi þeirra sé „lyft“ úr aukasetningu:

- (48) a. ___ virðist [hún vera rík].
b. Hún_i virðist [_t_i vera rík].

Hér er frumlagssæti aðalsetningarinnar tómmt í grunngerð (48a) og því er hægt að „lyfta“ frumlagi aukasetningarinnar upp í það í (48b). Frumlagið skilur eftir sig „spor“ (e. *trace*) sem táknað er með *t* á upphafsstað sínum í frumlagssæti aukasetningarinnar. Færða frumlagið og sporið eftir það eru svo sammerkt (e. *co-indexed*) með vísinum (e. *index*) *i*.

Önnur tegund nafnháttarsetninga er sú sem sagnir eins og *lofa*, *leiddast* og *skipa* taka með sér:

- (49) Hún lofaði að fara heim
(50) Henni leiddist að fara heim
(51) Hún skipaði mér að fara heim

Í þessum setningum eru engin rök fyrir lyftingu eins og í (48), heldur er gert ráð fyrir að í frumlagssæti aukasetningarinnar sé nafnliður án hljóðforms, FOR (e. *PRO*) sem nafnliður í móðursetningu **stýri** (e. *control*).²⁰ Þessi nafnháttarsambönd eru því nefnd **stýrinafnhættir** (e. *control infinitives*) (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2005:418–421; 2007:412–416). Nafnliðurinn sem stýrir FOR getur ýmist verið frumlag eins og í (49) og (50) eða andlag eins og í (51).

Það er ljóst að í (49) er það sama persónan sem gefur loforðið og sú sem á að fara heim, og í (50) er það sama persónan sem kærir sig ekki um að fara og sú sem á að fara, þannig að þar stýrir frumlagið FOR. Í (51) er það hins vegar ekki persónan sem gefur skipunina sem á að fara heim, heldur sú sem tekur við skipuninni, og því er það andlagið sem stýrir FOR í (51). Þetta er sýnt nánar í (52)–(54), þar sem vísar eru notaðir til að sýna stýringu:

- (52) Hún_i lofaði [að FOR_i fara heim]. — Hún fór heim.
(53) Henni_i leiddist [að FOR_i fara heim]. — Hún fór heim.
(54) Hún skipaði honum_i [að FOR_i fara heim]. — Hann fór heim.

Eins og (13) sýnir er fallið á frumlagi móðursetningarinnar óháð því hvaða fall um-sögn aukasetningarinnar tekur, öfugt við það sem er með lyftingarsetningar.

²⁰ Því hefur reyndar verið haldið fram (Boeckx og Hornstein 2006) að lyfting og stýring í íslensku sé eitt og sama fyrirbærið; FOR sé ekki til og í þeim setningum þar sem hér er gert ráð fyrir stýringu sé í raun um lyftingu að ræða. Hér er ekki rúm eða ástæða til að rýna í röksemdir fyrir þeirri kenningu, enda hafa Halldór Ármann Sigurðsson (2008) og Bobaljik og Landau (2009) fært sannfærandi rök gegn henni.

3.2 Rætur blönduðu setningagerðarinnar

Þegar *sýnast* og *virðast* taka með sér ótengdar frumlagslausar nafnháttarsetningar eins og í (47) er frumlag móðursetningarinnar ættað úr frumlagssæti aukasetningar eins og sýnt er í (48b). Tengdar frumlagslausar nafnháttarsetningar eins og (46d), og (11)–(15) hér að framan, er þá hægt að leiða út með sams konar lyftingu úr tengdum nafnháttarsetningum með frumlagi, blönduðu setningagerðinni, eins og (55a–b) sýna:

- (55) a. ___ virðist [**að hún vera rík**].
b. Hún_i virðist [**að t_i vera rík**].

Samkvæmt þessu eru tengdu frumlagslausu nafnháttarsetningarnar eins og (46d)/(55b) í raun bara ein birtingarmynd blönduðu setningagerðarinnar þar sem nafnháttarsetningin hefur frumlag. Frumlagslyftingin er til í málinu hvort eð er, og tengdar frumlagslausar nafnháttarsetningar eins og (55b), og (11)–(15), verða til við það að henni er beitt á tengdar nafnháttarsetningar með frumlagi eins og (55a), sem líka voru til í málinu á þessum tíma eins og (9)–(10) sýna. Upphaf, blómaskeið, hnignun og landfræðileg dreifing beggja setningagerða fer líka nokkurn veginn saman.

Þrátt fyrir yfirborðsmun er því enginn vafi á að tengdar nafnháttarsetningar með *sýnast* og *virðast* eru af sama toga hvort sem þær hafa að geyma frumlag eða ekki. Og raunar tel ég að tengdu frumlagslausu nafnháttarsetningarnar, sem og breytingar á merkingu og notkun sagnanna *sýnast* og *virðast*, séu forsenda fyrir tilurð blönduðu setningagerðarinnar.

Í fornu máli má finna örfá dæmi þar sem *sýnast* og *virðast* taka með sér tengda frumlagslausa nafnháttarsetningu:

- (56) En ef mér **sýnist að veita** þér lið þá munum við vel mega tala um það síðar.
Brennu-Njáls saga, *Íslendinga sögur* (1985–1986:266)
- (57) að allsvaldandi guð **virtist að líta** miskunnaraugum á þann lýð er Ísland byggði.
Þiðranda þáttur, *Íslendinga sögur* (1985–1986:2255)

En þótt *sýnast* og *virðast* séu frumlagslyftingarsagnir í nútímamáli eins og sýnt er í 3.1 finnast engin dæmi sem sýna ótvírætt fram á frumlagslyftingu með þessum sögnum í fornu máli. Í (56) og öðrum setningum með *sýnast* er aukafallsfrumlag fyrir hendi í móðursetningunni og frumlagslyfting kemur því ekki til greina þar eð forsenda hennar er að móðursetningin sé frumlagslaus.

Hins vegar væri hugsanlegt að líta svo á að frumlagslyfting væri með *virðast* í (57), sbr. (58a), en merking setningarinnar mælir gegn því. Nokkuð ljóst er að *virðast* merkir hér (eins og yfirleitt í fornu máli) ‘þóknast’, ‘láta svo lítið að’, ‘telja þess virði að’ eða eitthvað í þá átt. Að öllum líkindum voru *sýnast* og *virðast* stýrisagnir í fornu máli en ekki lyftingarsagnir. Formgerð (57) væri þá (58b) frekar en (58a).

- (58) a. allsvaldandi guð_i virtist [**að t_i líta** miskunnaraugum á þann lýð].
b. allsvaldandi guð_i virtist [**að FOR_i líta** miskunnaraugum á þann lýð].

Svipuð dæmi má finna í ýmsum ritum allt fram á síðustu tugi 18. aldar og virðist lítill vafi á að þau beri að túlka á sama hátt:

- (59) fær hann þaa at litha dyrdar verck almatthogs gvdz er hann **virthezt at veitha** sinvm astvin.
Loth (1969:323): Georgius saga, *Reykjahólabók*, f.hl. 16. aldar
- (60) Dásamleg gæska Guðs er það að hann **virtist að skapa** og mynda vort hold og bein.
Gerhard (2004:70) *Fimmtú heilagar hugvekjur*, 1630
- (61) En hinn náðugi Guð **virðist að varðveita** sín börn.
Jón Vídalín (1995:559–560) *Vídalínspostilla*, 1720
- (62) að hinn sanni Guð vor faðir **virðist að blessa** oss öllum föðurlandið.
Eggert Ólafsson (1999:100) *Uppkast til forsagna um brúðkaupssiðu ...*, 1760
- (63) hvar til hann **virðist að leggja** til sitt fulltingi.
Jón Steingrímsson (1913–1916:256) *Æfisaga*, um 1790

Athyglisvert er að þessi dæmi fjalla öll um guð og er nokkuð ljóst að merking *virðast* er þar ‘láta svo lítið að’ eða eitthvað í líkingu við það.

Í *Fimmtú hugvekjum* (Gerhard 2004) frá fyrri hluta 17. aldar er þó einnig að finna dæmi með *sýnast* sem ekki er eins augljóst hvernig beri að túlka; og í ýmsum ritum frá 17. og 18. öld má finna dæmi um bæði *sýnast* og *virðast* þar sem vafi leikur á um setningagerðina og hugsanlega er um lyftingu að ræða:

- (64) Þau vor verk sem fyrir vorum dómi **sýnast að vera** réttlát.
Gerhard (2004:15) *Fimmtú heilagar hugvekjur*, 1630
- (65) sá sami **virðist ekki að hafa** brest á nokkri gjöf.
Guðmundur Andrésón (1947:7) *Deilurit*, um 1650
- (66) Þeirra sjálfræði **sýndist að vera** í annarra valdi.
Jón Ólafsson (1946:118) *Reisubók*, 1661
- (67) eitt grenistykki, hér um 6 al., **virðist að vera** af brotnri siglurá.
Alþingisbækur Íslands 11, 1721–1730 (1969:284), 1725
- (68) Þeir [...] **sýndust at hafa** meðaumkan með minne ólukku.
Holberg (1948:105) *Nikulás Klím*, 1745

Þótt lyfting úr ótengdum nafnháttarsetningum komi vissulega fyrir í fornu máli (a.m.k. með *kveðast* og *látast*, sjá Eirík Rögnvaldsson 1995, 1996) þarf samt ótvíræðar merkingarlegar og/eða setningafræðilegar vísbendingar til að óhætt sé að túlka setningarnar í (64)–(68) sem lyftingarsetningar vegna þess að *sýnast* og *virðast* voru ekki lyftingarsagnir í formáli, að því er séð verður.²¹

²¹ Ritrýnir spyr hverjar slíkar vísbendingar gætu verið. Merkingarlegar vísbendingar eru flestar háðar túlkun og huglægu mati, en ótvíræð setningafræðileg vísbending væri t.d. ef dæmi fyndust um að *sýnast* eða *virðast* tæki aukafallsfrumlag sem hlyti að vera ættað úr aukasetningu, eins og (i). En engin slík dæmi finnast fyrr en á 19. öld.

(i) Honum virðist vera kalt

Undir lok 18. aldar fara að koma fram dæmi sem erfitt er — a.m.k. frá sjónarmiði nútímamálnotanda — að túlka öðruvísi en sem frumlagslyftingu þar sem ekki verður betur séð en sagnirnar *sýnast* og *virðast* séu notaðar í nútímamerkingu og merki það sama:

(69) og ein á medal þeirra, sem allar sérdeilislega **sýndust ad þjóna**, og kalladist Drottning, lagdi egg í nockur rúm.

Campe (1799:78) *Stuttur siðalærdómur fyrir góðra manna börn*

(70) Allt **virðist að vera** herra Mannasetur; á alla vega stór- og smástaðir.


Magnús Stephensen (2010:25) *Ferðadagbækur*, 1807

Það er þó e.t.v. hugsanlegt að líta svo á að *sýnast* í (69) merki ‘lögðu sig fram um’ eða ‘leitustu við’ eða eitthvað í þá átt og sé stýrisögn, sbr. (58b); og *virðast* í (70) merki ‘rís undir því að vera’ eða eitthvað í þá átt og sé einnig stýrisögn.

3.3 Endurtúlkun

Erfitt eða ómögulegt er að skera úr um túlkun ýmissa setninga á við (69)–(70), enda er það einmitt lykilaðilið: Setningar af þessu tagi, og e.t.v. líka sumar setninganna í (59)–(68), eru tvíræðar bæði að merkingu og setningafræðilegri formgerð. Slík tvíræðni er nauðsynleg forsenda **endurtúlkunar** (e. *reanalysis*) sem er oft talin ein helsta ástæða setningafræðilegra breytinga.

Endurtúlkun byggist á því að flutningur málkerfis milli kynslóða málnotanda er óbeinn; barn á máltökuskeiði hefur engan aðgang að málkerfi foreldranna, heldur eingöngu að frálegð þess — málinu sjálfu. Út frá því — og meðfæddri málkunnáttu — þarf barnið svo að byggja upp sitt eigið málkerfi. Þessu er oft lýst með líkaninu á *Mynd 2* sem er upprunið hjá Andersen (1973:767):



Mynd 2: Líkan Andersens af flutningi tungumáls milli kynslóða

Vegna þess að málkerfið flyst ekki beint milli kynslóða, heldur verður alltaf að fara um millilið, er hugsanlegt að *Málkerfi 2* verði ekki nákvæm eftirmynd af *Málkerfi 1*. Ef einhverjar setningar eða setningagerðir er að finna í *Máli 1* sem hægt er að túlka á fleiri en einn veg er sá möguleiki alltaf fyrir hendi að *Málkerfi 2* sé byggt upp út frá annarri túlkun en þeirri sem *Málkerfi 1* notaði við „framleiðslu“ setninganna eða setningagerðanna. Um endurtúlkun hefur mjög mikið verið skrifað undanfarna áratugi, og má t.d. vísa á Timberlake (1977), Lightfoot (1979) og Roberts (2007).²²

Þótt útilokað sé að fullyrða nokkuð um þetta tel ég líklegt að rætur blönduðu setningagerðarinnar liggi í tvíræðni setninga á við (59)–(70). Bæði stýrinafnhættir og lyftingarnafnhættir voru til í málinu á 17. og 18. öld, málnotendur þekktu báðar gerðirnar,

²² Þótt hér sé gert ráð fyrir að endurtúlkun verði við flutning málsins milli kynslóða er ekki þar með verið að útiloka að málnotendur geti breytt máli sínu, og endurtúlað ákveðnar setningagerðir, síðar á lífsleiðinni. Gagnlega umræðu um margt af þessu tagi má finna hjá Margréti Guðmundsdóttur (2008).

og einhverjar setningar í málumhverfi þeirra gátu samrýmst þeim báðum. Tilgáta mín er því að setningar eins og (71a) í *Máli 1*, sem *Málkerfi 1* myndaði sem stýrinafnhætti, hafi verið endurtúlkaðar sem lyftingarnafnhættir eins og (71b) í *Málkerfi 2* :

- (71) a. Hann_i virðist [að FOR_i SO_{nh} ...].
b. Hann_i virðist [að t_i SO_{nh} ...].

Þar með flytjast *sýnast* og *virðast* úr hópi stýrisagna yfir í hóp lyftingarsagna, og þá skapast einnig forsendur fyrir lyftingu úr ótengdum nafnháttarsetningum með þessum sögnum, þ.e. setningum eins og (72):

- (72) a. ____ virðist [hann SO_{nh} ...].
b. Hann_i virðist [t_i SO_{nh} ...].

Setningagerðin (72a) var til í fornu máli, eins og (7b) og (8b) sýna, en setningagerðin (72b), þar sem *sýnast* og *virðast* taka með sér ótengda frumlagslausa nafnháttarsetningu, kemur ekki fyrir í fornu máli. Slíkar setningar fara hins vegar að sjást á 17. öld:

- (73) þeirra sjálffræði **sýndist hafa** verið í annara valdi.²³
Jón Ólafsson (1908–1909:104) *Æfisaga*, 1661
- (74) því þat **sýndist hafa** nockra samlíking með því stande.
Holberg (1948:247) *Nikulás Klím*, 1745
- (75) að hann virðist farsæla ráðahag ykkar sem **sýnast vera** hvört öðru útvalin besti ektamaki.
Eggert Ólafsson (1999:76) *Uppkast til forsagna um brúðkaupssiðu ...*, 1760

Sárafaár slíkar setningar hafa þó fundist frá því fyrir 1800, og þeim fer ekki að fjölga að ráði fyrr en um og eftir miðja 19. öld.

Eftir þá endurtúlkun sem hér er gert ráð fyrir líta málnotendur svo á að setningagerðir eins og (71b), sem er gömul í málinu, og (72b), sem er nýjung og byggist á endurtúlkun hinnar fyrnefndu, séu af sama toga; báðar komnar til við frumlagslyftingu. En ef þágufallsrökliður er fyrir hendi í móðursetningu með *sýnast* og *virðast* gegnir hann yfirleitt hlutverki frumlags og þá verður frumlag nafnháttarsetningarinnar að vera kyrrt í henni eins og í (76b) í stað þess að lyftast eins og í (76a):

- (76) a. Hann_i virðist [t_i vera ríkur].
b. Mér virðist [hann vera ríkur].

Setningar á við (76b) voru til þegar í fornu máli eins og fram kom í 3.2. En ef málnotendur líta svo á (71b) og (72b) séu leiddar út á sama hátt er eðlilegt að þeir fari líka að hafa frumlag í tengdu nafnháttarsetningunum. Til viðbótar setningum eins og (76b) sem lengi höfðu verið til en voru endurtúlkaðar eins og (72) sýnir koma þá setningar eins og (77b) sem aldrei höfðu verið til:

²³ Þetta er samsvarandi setning og (66). Sú setning er tekin úr annarri útgáfu ævisögunnar sem er sögð gerð eftir eldra handriti en fyrsta útgáfa sem þessi setning er tekin úr. Þetta dæmi gæti því verið töluvert yngra en frá 1661.

- (77) a. Hann_i virðist [að **ti vera** ríkur].
b. Mér virðist [að **hann vera** ríkur].

Það ferli sem hér hefur verið lýst er því í þremur þrepum og hefst á því að *sýnast* og *virðast* eru endurtúlkaðar sem lyftingarsagnir (71b) í stað stýrisagna (71a). Í framhaldi af því er farið að lyfta frumlagi úr nafnháttarsetningar með þessum sögnum hvort sem þær eru tengdar (71b) eða ekki (72b), og síðan er farið að hafa frumlag í tengdu nafnháttarsetningunum (77b) rétt eins og alltaf hafði verið hægt í þeim ótengdu (76b). Þar með er blandaða setningagerðin (77b) orðin til.

Þetta samræmist því að ótengdar frumlagslausar nafnháttarsetningar eins og (73)–(75) fara að birtast með *sýnast* og *virðast* um svipað leyti og tengdar frumlagslausar nafnháttarsetningar þar sem um lyftingu gæti verið að ræða, eins og (64)–(68). Þetta samræmist því líka að tengdar nafnháttarsetningar með frumlagi virðast koma fram aðeins seinna en þær frumlagslausu.

Síðan er að sjá sem *finnast* og *þykja*, og seinna fleiri sagnir, komi fljótlega á eftir, eins og rakið er í 2.1 og 3.4. Þetta eru sagnir áþekkrar merkingar og *sýnast* og *virðast*, koma fyrir í svipuðum setningagerðum, og ekki óeðlilegt að málnotendur fari með þær á sama hátt.

3.4 Sagnir og sagnaflokkar í blönduðu setningagerðinni

Eins og áður kom fram eru elstu dæmin um blönduðu setningagerðina í frumlagslausum tengdum nafnháttarsetningu með sögnunum *sýnast* (11)–(12) og *virðast* (13)–(14). Í tengdum nafnháttarsetningum með frumlagi koma *þykja* (9) og *finnast* (10) fyrst fram. Síðastnefnda sögnin er langalgengasta sögnin í þessari setningagerð allan líftíma hennar, allt fram á sjöunda áratug 20. aldar, en hinar sagnirnar þrjár eru einnig áberandi allan tímann.²⁴

Nokkrar sagnir bætast við síðar. Í bréfi frá 1878 kemur blandaða setningagerðin fyrir með *dreyma* (18), með *minna* í bréfi 1880, og með *heyrast* í bréfi frá 1886 (20), en allar sagnirnar eru þó sjaldgæfar í þessari setningagerð. Þegar kemur fram á 20. öld bætist við *skiljast* sem nokkur dæmi eru um, það elsta frá 1918 (31). Fáeinar sagnir til viðbótar af þessu merkingarsviði koma fyrir einu sinni hver í blönduðu setningagerðinni en trúlegt er að einhver þeirra dæma séu villur.

Hér er þó rétt að hafa í huga að tvímyndir eins og sýndar eru í (1) og (7)–(8), þar sem frumlagslausar ótengdar nafnháttarsetningar og *að*-setningar með frumlagi og sögn í persónuhætti koma fyrir með sömu sögn, eru ekki bundnar við tilfinninga- og skynjunarsagnir. Þær koma einnig fyrir með sumum stýrisögnum, s.s. *lofa* (og einnig *biðja* í eldra máli):

- (78) a. Ég lofaði að fara heim
b. Ég lofaði að ég færi heim

Ef um væri að ræða einhvers konar „setningarugl“ eða setningagerðum „blandað saman“ í blönduðu setningagerðinni, eins og Björn Guðfinnsson (1940:76) og Jakob Jóh. Smári (1920:275) virðast álíta, mætti búast við því að slíkt „rugl“ eða „blöndun“ kæmi einnig fyrir með öðrum sögnum sem taka með sér tvímyndir af þessu tagi. En setningar á við (79) eru algerlega ótækar í nútímamáli og ég hef engin dæmi fundið um það, hvorki að fornu né nýju, að stýrisagnir taki blönduðu setningagerðina:

²⁴ Sögnin *reynast* tekur einnig með sér tengdar frumlagslausar nafnháttarsetningar frá 18. fram á 20. öld.

(79) *Ég lofaði að ég fara heim

Annar flokkur sagna sem hér þarfnast skoðunar eru álits- og yfirlýsingasagnir eins og *segja*, *telja* og *álíta*. Þetta eru sagnir sem taka **þolfall með nafnhætti** (e. *accusative with infinitive*) (sjá Höskuld Þráinsson 2005:425–428; 2007:436–439), en geta einnig tekið *að*-setningu með frumlagi og persónuháttarsögn:

- (80) a. Ég sagði/taldi hana vera ríka
b. Ég sagði/taldi að hún væri rík

Hér bregður svo við að slæðingur finnst af dæmum um frumlag í nafnháttarsetningunum, einkum með *segja* en einnig með *telja* og fleiri sögnum og sagnasamböndum af sama merkingarsviði.²⁵

(81) Valgerður sagði **að það vera** þægilegt að afhenda Jóni lykllana.
Morgunblaðið 16. júní 2006, bls. 10

(82) Þó að þeir telji **að það vera** heldur seint á ferðinni.
24 stundir 14. maí 2008, bls. 2

(83) Þeir felldu hann af því að þeir héldu **að hann vera** með her.
DV 12. nóvember 1990, bls. 4

Dæmin sem ég hef fundið um þetta á Tímarit.is skipta tugum — nær öll frá því eftir 1990. Þessi dæmi samrýmast ekki minni málkennd og fyrir fram hefði ég hiklaust litið á þau sem villur. Það er vel trúlegt að sum þeirra — e.t.v. flest — séu það í raun.

Samt finnst mér dæmin of mörg og of einsleit til að hægt sé að líta algerlega fram hjá þeim. Það er mögulegt að hér sé málbreyting að hefjast — ný setningagerð að verða til (fremur en gömul setningagerð að vakna til lífs á ný við breyttar aðstæður). Það er hins vegar of snemmt að spá um það hvernig þessi nýjung (ef þetta er nýjung) eigi eftir að þróast — hvort hún nái einhverju flugi eða koðni niður aftur.

3.5 Formgerð blönduðu setningagerðarinnar

Ekki er óeðlilegt að ætla að formgerð blönduðu setningagerðarinnar sé á einhvern hátt önnur en bæði tengdra persónuháttarsetninga og ótengdra nafnháttarsetninga. Ef neitun og önnur setningaratviksorð koma fyrir í ótengdum setningum með þeim sögnum sem tóku með sér blönduðu setningagerðina fara þau jafnan á undan sögninni, eins og (84a) sýnir. Taki þessar sagnir á hinn bóginn með sér tengda setningu með persónuháttarsögn stendur sögnin á undan neitun og öðrum setningaratviksorðum eins og sést í (84b):

- (84) a. Mér sýndist [hún **ekki vera**/***vera ekki** glöð].
b. Mér sýndist [að hún ***ekki væri/væri ekki** glöð].

Þetta er venjulega talið sýna að í tengdu setningunni verði sagnfærsla í beygingarlið — sögnin færirst fram fyrir neitunina og tengist þar beygingarþáttum sem gefi henni persónu- og tölubeygingu. Hliðstætt mynstur kemur fram í setningum barna á mál-

²⁵ Þar má nefna *benda á*, *fullyrða*, *greina frá*, *hafa eftir*, *halda (fram)*, *leggja áherslu á*, *ljúga*, *lýsa yfir*, *neita* og *viðurkenna*. Tvímyndir geta staðið með sumum þessara sagna og sambanda en öðrum ekki.

tökuskeiði (sjá t.d. Sigríði Sigurjónsdóttur 2005:644; Höskuld Þráinsson 2010:1070–1072).

Í (84a) er hvorki aukatenging né sagnfærsla; í (84b) er bæði aukatenging og sagnfærsla. Þetta má hugsa sér að skýra með því að (84a) hafi viðaminni formgerð en (84b); það „vanti framan á“ formgerðina í (84a) miðað við (84b) (sbr. Höskuld Þráinsson 1993) þannig að básarnir sem *að*, frumlagið og sögnin fylla í (84b) séu ekki fyrir hendi í (84a). Þar af leiðandi verði frumlagið að standa neðar í formgerðinni í (84a) og sögnin einnig — neðan við neitunina. Því til stuðnings má benda á að kjarnafærsla er möguleg í tengdum persónuháttarsetningum (85a) en ekki í ótengdum nafnháttarsetningum (85b):

- (85) a. Mér fannst [að [þessa bók]_i yrði ég að lesa t_i]
b. *Mér fannst [[þessa bók]_i verða ég að lesa t_i]

Þetta má skýra með því að ótengdu nafnháttarsetningarnar hafi viðaminni formgerð — básinn sem kjarnafærðir liðir fara í (sem er væntanlega básinn þar sem frumlagið stendur venjulega í tengdu persónuháttarsetningunum) sé þar ekki fyrir hendi.

Ef tengingin *að* hefur sömu stöðu í formgerð blönduðu setningagerðarinnar og hún hefur í tengdu persónuháttarsetningunum þýðir það að formgerðin er jafnvíðamikil í báðum tegundum setninga — sömu básar ættu að vera til staðar. Þar með mætti búast við sagnfærslu í blönduðu setningagerðinni. Sú er hins vegar ekki raunin; þegar neitun kemur fyrir í blönduðu setningagerðinni hagar hún sér yfirleitt eins og í nafnháttarsetningunni, (84a), þ.e., sagnfærsla virðist ekki verða.²⁶ Þetta má sjá í eftirfarandi dæmum:

- (86) og í raun og veru fynnst mjer **að jeg ekki geta** elskað neina stúlku hjeðanaf.
Akureyri, 1877 (bréfitari úr Norður-Þingeyjarsýslu, f. 1854)
- (87) mér fanst helst á honum, **að hann ekki vera** sem ánægðastur yfir atferli mínu.
Lögberg 30. júní 1910, bls. 6
- (88) mjer sýndist **að hún ekki vera** aðfram komin.
Morgunblaðið 18. október 1931, bls. 10

Nóg er af dæmum af þessu tagi, og dæmi finnast einnig um önnur setningaratviksorð á undan sögninni, s.s. *vel* og *oft*:

- (89) í annan stað finst mjer **að þú vel hafa** getað sneitt hjá að láta skoðun þína í ljós.
Reykjavík, 1882 (bréfitari f. í Eyjafirði 1856); Sigrún Sigurðardóttir (1999:186)

²⁶ Vissulega má finna dæmi um að neitun standi á undan nafnháttarsögn en ekki eftir:

- (i) oss fanst **að það vera ekki** ein einasta leiðinleg eða þreytandi lína í ritinu.
Lögberg 16. febrúar 1899, bls. 4
- (ii) henni fannst nú, í fyrsta sinn í marga mánuði, **að hún vera ekki** síðri leikkona en húsmóðir.
Dagur 8. janúar 1947, bls. 6

Þessi dæmi, sem eru sárafá, gætu virst benda til sagnfærslu, en eins og ritrýnir bendir á má e.t.v. líta svo á að *ekki einasta* og *ekki síðri* eigi saman, þ.e. um sé að ræða liðneitun að ræða fremur en setningarneitun.

(90) Mér finnst **að hann oft ekki vera** með réttu ráði.

Þjóðviljinn 7. febrúar 1940, bls. 2

Í (90) eru m.a.s. tvö atviksorð milli frumlagsins og nafnháttarsagnarinnar.²⁷

Ef *að* hefur sömu stöðu í formgerð blönduðu setningagerðarinnar og í tengdu persónuháttarsetningunum mætti einnig búast við að frumlagið væri á sama stað í báðum setningagerðum; og þá ætti kjarnafærsla að ganga í blönduðu setningagerðinni. En var einhver setninganna í (91) tæk í máli þeirra sem notuðu þessa setningagerð?

- (91) a. Mér fannst [að **þennan mann** hafa ég hitt].
b. Mér fannst [að **þennan mann** ég hafa hitt].
c. Mér fannst [að ég **þennan mann** hafa hitt].

Í kjarnafærslu kemur frumlagið auðvitað venjulega á eftir sögninni, eins og í (91a); en vegna þess að sagnfærsla verður ekki í blönduðu setningagerðinni má hugsa sér að framan sagnarinnar séu tiltækir básar fyrir bæði frumlag og kjarnafærðan lið og því gætu (91b) og (91c) einnig komið til greina.

Ég hef ekki fundið dæmi um neinar slíkar setningar í þeim textum sem ég hef skoðað.²⁸ En kjarnafærsla í aukasetningum í persónuhætti eins og (85a), sem er sannanlega tæk setningagerð, er mjög sjaldséð í textum (t.d. fundust aðeins sex dæmi í 500 þúsund orða safni *Íslenskrar orðtíðnibókar* (Jörgen Pind o.fl. 1991), sjá Eirík Rögnvaldsson 2005). Í ljósi þess að hér er um að ræða tvö sjaldgæf fyrirbæri, kjarnafærslu í aukasetningum og blönduðu setningagerðina, þá er lítið hægt að leggja upp úr því þótt engin dæmi finnist um að þau fari saman. Það er því erfitt að svara því hvort þessar setningar voru hugsanlegar í blönduðu setningagerðinni vegna þess að ekki

²⁷ Hér má nefna að í stýrinafnáttum stendur sögnin á undan neitun og öðrum setningaatviksorðum, öfugt við það sem er í ótengdum nafnháttarsetningum eins og (84a) og (86–90) (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 418–421; 2010:1081):

- (i) Ég lofaði [að FOR **fara ekki**/***ekki fara** heim].

Ef *sýnast* og *virðast* voru stýrisagnir í fornu máli en hafa verið endurtúlkaðar sem lyftingarsagnir mætti búast við að innbyrðis röð neitunar og sagnar hefði breyst; neitunin hefði áður staðið á eftir nafnháttar-sögninni en staði nú á undan eins og í (86)–(90). Þessar sagnir eru ekki algengar í fornu máli og því erfitt að finna dæmi sem skera úr um þetta, en í eftirfarandi setningu fer neitun þó a.m.k. á eftir sögn:

- (ii) og sýndist mér **að gera eigi** meira að í þessu sinni.

Porvarðar þáttur krákunefs, *Íslendinga sögur* (1985–1986:2337)

²⁸ Reyndar er a.m.k. eitt dæmi svipað (91c) með forsetningarlið — og reyndar neitun líka — á undan sögn að finna í bréfasafninu:

- (i) mjer finst **ad jeg í þetta sinn ekki vera** upplögd til ad skrifa neitt sem frjettir heyta.
Eyjafirði, 1870 (bréfitari úr Eyjafirði, f. 1834)

Það er þó hæpið að draga miklar ályktanir af einu dæmi, vegna þess líka að töluvert er um það í bréfunum og öðrum textum frá 19. öld að sögn standi í þriðja sæti í aukasetningum (sjá líka Ásgrím Angantýsson 2001, 2007). Það er meira að segja hægt að finna dæmi um bæði forsetningarlið og neitun á undan persónuháttarsögn:

- (ii) Þar eð **jeg að þessu sinni ekki** get svarað upp á öll þau atriði.
Hirðir 27. apríl 1858, bls. 135

- (iii) en sem **eg í þetta sinn ekki** vil minnst á.
Þjóðólfur 13. apríl 1861, bls. 77


hægt að fá mat málfafa á mögulegum og ómögulegum setningum — nema ef einhverjir kynnu enn að finnast vestanhafs.

Gefum okkur nú samt að setningarnar í (91) hafi í raun verið útilokaðar. Skýringin á því gæti verið sú að kjarnafærður liður hefði engan mögulegan lendingarstað. Það myndi þá væntanlega þýða að frumlagið sæti neðar í formgerðinni en það gerir í tengdum persónuháttarsetningum eins og (84b) — líklega í sama sæti og í nafnháttarsetningum á við (84a).

En þá komum við að stöðu tengingarinnar *að* í formgerðinni. Því hefur verið haldið fram að hún geti staðið á nokkrum mismunandi stöðum (sjá Höskuld Þráinsson 1993), enda er ljóst að þau nafnháttarsambönd sem hún tekur með sér eru ólík á ýmsan hátt. Þá er hugsanlegt að halda því fram að í blönduðu setningagerðinni sé viðaminni formgerð en í tengdum setningum með persónuháttarsögn. Frumlagið sitji lágt í blönduðu setningagerðinni og engir básar séu fyrir framan það sem gætu tekið við kjarnafærðum liðum. Í ótengdu nafnháttarsetningunum sé svo enn minni formgerð — blandaða setningagerðin sé millistig.

Í (92) er sett fram tilgáta um formgerð þeirra þriggja setningagerða sem hér eru til umræðu. Í ysta rammanum er tengd persónuháttarsetning og er gert ráð fyrir að slíkar setningar séu TL (tengiliðir), í þeim næstysta blandaða setningagerðin sem er þá SamrL (samræmisliður), og ótengd nafnháttarsetning í þeim innsta og er TíðL (tíðarliður). Samkvæmt þessu situr *að* í tengingarhaus (T) í tengdum persónuháttarsetningum, en í samræmishaus (Samr) í blönduðu setningagerðinni. Neitun (og önnur setningaratviksorð) eru svo viðhengi — við tíðarlið í tengdum persónuháttarsetningum en við sagnlið annars.

(92)



Hér er hvorki rúm né ástæða til að fara út í nánari lýsingu á þessari formgerð, eða rökstuðning fyrir henni, en látið nægja að vísa til Höskuldar Þráinssonar (2007, 2010) og Ásgríms Angantýssonar (2001, 2007).²⁹

Samkvæmt þessari greiningu geta aukasetningar í nútímamáli verið ýmist tengiliðir (TL) eða tíðarliðir (TíðL). Á tíma blönduðu setningagerðarinnar gátu þær að auki verið samræmisliðir (SamrL), en sá möguleiki virðist ekki lengur vera fyrir hendi. Ástæða þess er óljós. Yfirleitt fara aukatenging, frumlag og nafnháttarsögn ekki saman, og hugsanlega er það markaður möguleiki að aukasetningar séu samræmisliðir. En einnig er trúlegt að málfélagslegar ástæður, s.s. viðhorf til setningagerðarinnar, hafi haft áhrif; um það er fjallað í 2.5.

4. Lokaorð

Meginniðurstöður athugunarinnar eru þessar:

Kringum aldamótin 1800 fara að koma fram dæmi þar sem *að*-setningar með frumlagi og nafnháttarsögn fara á eftir tilfinninga- og skynjunarsögnum. Á eftir *sýnast* og *virðast* eru þessar setningar stundum frumlagslausar, þannig að nafnháttarsögnin kemur strax á eftir *að*, en það má rekja til frumlagslyftingar úr nafnháttarsetningunni.

Upphaf þessarar setningagerðar, sem hér er kölluð blandaða setningagerðin, má rekja til endurtúlkunar á sögnunum *sýnast* og *virðast* sem frumlagslyftingarsögnum í stað stýrisagna. Þessi endurtúlkun virðist verða seint á 18. öld og leiðir til þess að sagnirnar geta farið að taka með sér tengdar nafnháttarsetningar með frumlagi en ekki bara ótengdar eins og áður; aðrar sagnir af svipuðu merkingarsviði koma svo á eftir. Trúlegt er að formgerð blönduðu setningagerðarinnar hafi verið sérstök að einhverju leyti — viðameiri en ótengdra nafnháttarsetninga en rýrari en tengdra persónuháttarsetninga. Dæmin eru þó það fá að erfitt er að fá glögga mynd af þessu, því að fátt er um málfæra til að meta setningar — þótt einhverjir kunni enn að finnast í Vesturheimi.

Þessi setningagerð er mest áberandi um aldamótin 1900 en dæmum fækkar mjög þegar líður á öldina og eru nær horfin um 1980. Setningagerðin virðist alla tíð hafa verið mun meira notuð í vesturíslensku en á Íslandi og er þar enn með lífsmarki. Óljóst er hvers vegna setningagerðin hefur horfið úr málinu en hún var alltaf í samkeppni við aðrar algengari og víðtækari setningagerðir og auk þess sennilega mörkuð. Ekki er ótrúlegt að þegar kom fram á 20. öldina hafi neikvætt álit málfræðinga og leiðréttingar stuðlað að hvarfi hennar.

RITASKRÁ

- Alþingisbækur Íslands 11, 1721–1730*. 1969. Sögufélag, Reykjavík.
- Andersen, Henning. 1973. Abductive and Deductive Change. *Language* 49:765–793.
- Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson. 1961. Um útgáfuna. *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*. Safnað hefur Jón Árnason. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfuna. 1. bindi. 2. útg., bls. 587–590. Þjóðsaga, Reykjavík.
- Ásgrímur Angantýsson. 2001. Skandinavísk orðaröð í íslenskum aukasetningum. *Íslenskt mál* 23:95–122.
- Ásgrímur Angantýsson. 2007. Verb-third in Embedded Clauses in Icelandic. *Studia Linguistica* 61:237–260.
- Ásgrímur Angantýsson. 2011. *The Syntax of Embedded Clauses in Icelandic and Related Languages*. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Björn Guðfinnsson. 1940. Tílræði við íslenskt mál. *Andvari* 65:73–81.

²⁹ Skoðanir á því hvernig formgerð íslenskra aukasetninga sé, og hvert sé eðli og lendingarstaður sagnfærslu, eru mjög skiptar. Um aðrar hugmyndir sjá t.d. Wiklund o.fl. (2007, 2009).

- Bobaljik, Jonathan David, og Idan Landau. 2009. Icelandic Control Is Not A-Movement: The Case from Case. *Linguistic Inquiry* 40:113–132.
- Boeckx, Cedric, og Norbert Hornstein. 2006. Control in Icelandic and Theories of Control. *Linguistic Inquiry* 37:591–606.
- Bragi Þorgrímur Ólafsson (útg.). 2004. *Landsins útvöldu synir*. Ritgerðir skólapilta Lærða skólans í íslenskum stíl 1846–1904. Bragi Þorgrímur Ólafsson tók saman. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Brynjólfur Pétursson. 1964. *Bréf*. Aðalgeir Kristjánsson bjó til prentunar. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.
- Böðvar Guðmundsson (útg.). 2001–2002. *Bréf Vestur-Íslendinga* 1.–2. bindi. Böðvar Guðmundsson bjó til prentunar. Mál og menning, Reykjavík. [3. b. óútgefið.]
- Campe, Joachim Heinrich. 1799. *Stuttur Sida-Lærdómur fyrir góðra manna börn*. Utlagdur a Íslensku af Gudlaugi Sveinssyni. Landsuppfræðingarfélagið, Leirár-görðum.
- Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon (útg.). 2001. *Burt — og meir en bæjarleið*. Dagbækur og persónuleg skrif Vesturheimsfara á síðari hluta 19. aldar. Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon tóku saman. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Eggert Ólafsson. 1999. *Uppkast til forsagna um brúðkaupssiðu hér á landi*. Þorfinnur Skúlason og Örn Hrafnkelsson bjuggu til prentunar. Söguspekingastifti, Hafnarfirði.
- Einar H. Kvaran. 1916. *Sálin vaknar*. Þáttur úr sögu æskumanns. Þorsteinn Gíslason, Reykjavík.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1995. Old Icelandic: A Non-Configurational Language? *NOWELE* 26:3–29.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1996. Frumlag og fall að fornu. *Íslenskt mál* 18:37–69.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2005. Textasöfn og setningagerð: Greining og leit. *Orð og tunga* 9:51–73.
- Gerhard, Johann. 2004. *Fimmtíu heilagar hugvekjur. Meditationes sacrae*. [Þorlákur Skúlason þýddi.] Þórunn Sigurðardóttir sá um útgáfuna. Bókmenntafræðistofnun og Guðfræðistofnun, Reykjavík.
- Guðmundur Andrésón. 1948. *Deilurit*. Jakob Benediktsson bjó til prentunar. Íslensk rit síðari alda 2. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.
- Halldór Kristjánsson. 1977. Þar sjást engin ellimörk. *Tíminn* 23. október, bls. 36.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 2008. The Case of PRO. *Natural Language and Linguistic Theory* 26:403–450.
- Holberg, Ludvig. 1948. *Nikulás Klím*. Íslensk þýðing eftir Jón Ólafsson úr Grunnavík. Jón Helgason bjó til prentunar. Íslensk rit síðari alda 3. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.
- Höskuldur Þráinsson. 1993. On the Structure of Infinitival Complements. Höskuldur Þráinsson, Samuel D. Epstein og Susumu Kuno (ritstj.) *Harvard Working Papers in Linguistics* 3, bls. 181–203. Harvard University, Cambridge.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar*. Handbók um setningafræði. Íslensk tunga 3. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 2007. *The Syntax of Icelandic*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Höskuldur Þráinsson. 2010. Predictable and Unpredictable Sources of Variable Verb and Adverb Placement in Scandinavian. *Lingua* 120:1062–1088.
- Íslendinga sögur*. 1985–1986. Ritstj. Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. Svart á hvítu, Reykjavík.

- Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri*. 1862. Safnað hefir Jón Árnason. 1. bindi. Bókaverzlun J. Hinrichs, Leipzig.
- Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri*. 1961. Safnað hefur Jón Árnason. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfuna. 1. bindi. 2. útg. Þjóðsaga, Reykjavík.
- Jakob Jóh. Smári. 1920. *Íslenzk setningafræði*. Bókaverzlun Ársæls Árnasonar, Reykjavík.
- Jón Magnússon. 1914. *Píslarsaga síra Jóns Magnússonar*. Sigfús Blöndal sá um útgáfuna. Kaupmannahöfn.
- Jón Mýrdal 1872. *Mannamunur*. Skáldsaga. Magnús Sigurðsson, Reykjavík.
- Jón Ólafsson. 1908–1909. *Æfisaga Jóns Ólafssonar Indíafara* samin af honum sjálfum (1661). Útg. Sigfús Blöndal. Hið íslenska bókmentafjelag, Kaupmannahöfn.
- Jón Ólafsson. 1946. *Reisubók Jóns Ólafssonar Indíafara*. Guðbrandur Jónsson gaf út. 2. útg. Bókfellsútgáfan, Reykjavík.
- Jón Steingrímsson. 1913–1916. *Æfisaga Jóns prófests Steingrímssonar eptir sjálfan hann*. [Jón Þorkelsson gaf út.] Sögufélag, Reykjavík.
- Jón Thoroddsen. 1850. *Piltur og stúlka*. Dálítil frásaga. Útgefandi Jón Þórðarson Thóroddsen. Kaupmannahöfn.
- Jón Trausti. 1949. *Ritsafn III*. Leysing — Borgir. Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, Reykjavík. [1. útg. 1907.]
- Jörgen Pind (ritstj.), Friðrik Magnússon og Stefán Briem. 1991. *Íslensk orðtíðnibók*. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- Lightfoot, David. 1979. *Principles of Diachronic Syntax*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Loth, Agnete (útg.). 1969. *Reykjahólabók*. Islandske helgenlegender. Udgivet af Agnete Loth. 1. bindi. Munksgaard, Kaupmannahöfn.
- Magnús Stephensen. 2010. *Ferðadagbækur Magnúsar Stephensen 1807–1808*. Útg. Anna Agnarsdóttir og Þórir Stephensen. Sögufélag, Reykjavík.
- Margrét Guðmundsdóttir. 2008. Málbreytingar í ljósi málkunnáttufræði. *Íslenskt mál* 30:7–52.
- Roberts, Ian G. 2007. *Diachronic Syntax*. Oxford University Press, Oxford.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. 2005. Máltaka og setningafræði. Höskuldur Þráinsson (ritstj.): *Setningar*. Handbók um setningafræði. Íslensk tunga 3, bls. 636–655. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Sigrún Sigurðardóttir (útg.) 1999. *Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur*. Fjölskyldubréf frá 19. öld. Sigrún Sigurðardóttir tók saman. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Steinþór Þórðarson. 1970. *Nú — nú, bókin sem aldrei var skrifuð*. Minningar Steinþórs Þórðarsonar á Hala í Suðursveit. Stefán Jónsson sá um útgáfuna. Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, Reykjavík.
- Sturlunga saga*. 1988. Ritstj. Örnólfur Thorsson; ritstjórn Bergljót Kristjánsdóttir, Bragi Halldórsson, Gísli Sigurðsson, Guðrún Ása Grímsdóttir, Guðrún Ingólfssdóttir, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. Svart á hvítu, Reykjavík.
- Timberlake, Alan. 1977. Reanalysis and Actualization in Syntactic Change. Charles N. Li (ritstj.): *Mechanisms of Syntactic Change*, bls. 141–177. University of Texas Press, Austin.
- Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm. 1882. *Brynjólfr Sveinsson biskup*. Skáldsaga frá 17. öld. Reykjavík.

- Wiklund, Anna-Lena, Gunnar Hrafn Hrafnbjargarson, Kristine Bentzen og Þorbjörg Hróarsdóttir. 2007. Rethinking Scandinavian verb movement. *Journal of Comparative Germanic Linguistics* 10:203–233.
- Wiklund, Anna-Lena, Kristine Bentzen, Gunnar Hrafn Hrafnbjargarson og Þorbjörg Hróarsdóttir. 2009. On the Distribution and Illocution of V2 in Scandinavian *that*-clauses. *Lingua* 119:114–138.
- Porgils gjallandi. 1978. *Sögur. Úrval. Þórður Helgason bjó til prentunar. Rannsóknastofnun í bókmenntafræði og Menningarsjóður, Reykjavík.*

SUMMARY

‘Syntactic chaos? Infinitival sentences with a subject’

Keywords: verbs of sense and perception, *that*-clauses, infinitival complements, mixed construction, reanalysis, raising verbs, language change, American Icelandic, stigmatization

In Icelandic, a few verbs of sense and perception can take two types of complements; either finite *that*-clauses with a verb in the subjunctive as in (ia), or infinitival clauses (without the infinitival marker), as in (ib):

- (i) a. Mér sýnist [að hún sé rík].
me(dat.) seems [that she is(subjunctive) rich]
‘It seems to me that she is rich’
- b. Mér sýnist [hún vera rík].
me(dat.) seems [she be(inf.) rich]
‘It seems to me that she is rich’

In the 19th and early 20th centuries, these two types sometimes appear to be mixed, so to speak, such that we get sentences like (ii), *that*-clauses with an overt subject and a verb in the infinitive:

- (ii) Mér sýnist [að hún vera rík].
me(dat.) seems [that she be(inf.) rich]
‘It seems to me that she is rich’

Such sentences, which sound ungrammatical to most modern speakers, start to show up in personal letters and periodicals in the third decade of the 19th century. At that time, sentences like (iii), which are also ungrammatical in Modern Icelandic, were not uncommon:

- (iii) Hún sýnist [að vera rík].
she seems [to be rich]
‘She seems to be rich’

Since *sýnast* is a raising verb in Modern Icelandic, the relationship between (ii) and (iii) seems obvious; (iii) can be derived if the main clause is subjectless in underlying structure, by raising the subject of the subordinate clause to the empty subject position of the main clause.

Sentences like (iii) were already found in Old Icelandic. However, there is evidence that the verbs *sýnast* and *virðast* — both meaning ‘seem’ in Modern Icelandic but having a considerably different meaning in Old Icelandic — actually were control verbs in Old Icelandic but were reanalyzed as raising verbs much later, probably in the 18th century. Note that crucially, the complementizer *að* ‘that’ and the infinitival marker *að* ‘to’ are homophonous in Icelandic. Thus, sentences like (iii) in Old Icelandic should be analyzed as shown in (iva), whereas in Icelandic around 1800, their analysis is as shown in (ivb).

- (iv) a. She_i seems [that PRO_i V_{inf} ...].
b. She_i seems [that _____i V_{inf} ...].

Since the subordinate clause subject is only raised if the main clause contains an empty subject position, this reanalysis naturally also leads to the introduction of sentences where the subordinate clause con-

tains an overt subject — sentences like (ii) above. Sentences with other verbs of sense and perception, like *finnast* and *þykja*, both meaning ‘find’, were then modelled on sentences with *sýnast* and *virðast*.

The mixed construction appears to have had its peak in the 1890s and declined slowly after that. After 1980, almost no examples can be found in Icelandic newspapers and periodicals. However, its position always seems to have been much stronger in North American Icelandic. This is evident from the number of examples in Icelandic newspapers published in North America, from numerous examples in letters written by Icelanders in North America, and from recorded interviews with descendants of Icelandic immigrants in North America in the late 20th and early 21st centuries.

The decline and death of the mixed construction in Iceland has no one obvious explanation. However, it must be pointed out that it was in competition with two other constructions with the same meaning but a wider range of application. Infinitival clauses rarely contain an overt subject, so such clauses may be considered a marked option. Furthermore, there is evidence that Icelandic grammarians condemned the mixed construction. This may all have contributed to its death in Iceland.

The strong position of the mixed construction in American Icelandic in the 20th century, and its survival to date, is also a bit of a mystery. It is well known that the majority of the Icelandic settlers in North America in the late 19th century came from the north-eastern part of Iceland, and there are some indications that the mixed construction was more prominent in that area than in other parts of the country. It is also not likely that the negative attitude of Icelandic grammarians towards the construction had any effect in North America.

Eiríkur Rögnvaldsson
Háskóla Íslands
Árnaparði við Suðurgötu
IS-101 Reykjavík, ÍSLAND
eirikur@hi.is